

## Stöðuskýrsla – Jarðhræringar á Reykjanesi

Dagsetning:	21. júní 2024 kl 12:00	Stig:	<b>Hættustig</b>
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	<a href="mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is">dagbjartur@ferdamalastofa.is</a>	Sími:	659 9099

### Yfirlit

- Virkni eldgoss hefur verið nokkuð stöðug undanfarna daga
- Land heldur áfram að rísa á stöðugum hraða við Svartsengi
- Þrjár hrauntungur leka núna yfir leiðigarð L1 við Svartsengi.
- Unnið er að kælingu hrauns og að koma upp öðrum leiðigarði Sunnan L1 við Svartsengi.
- Starfssemi Bláa Lónsins hefur opnað að nýju eftir að hraun rann yfir Grindavíkurveg.
- Lokunarpóstar eru við Seltjörn á Grindavíkurvegi, Við fiskeldi Samherja við Stað á Nesvegi og við P1 á Suðurstrandarvegi.
- Aðkoma að Blálóninu er um Nesveg og þarf að sýna fram á bókun við lokunarpóst.

Hættumat var uppfært 20. júní kl 15:00 og gildir að öllu óbreyttu til 25. júní kl 15:00.  
Hættumatskorgið má fina aftast í skýrslunni.



Mynd tekin af vefútsendingu RUV 21. Júní 2024 kl 09:56



## Fréttatilkynning frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum

Uppfært 20. júní kl: 14:00

Virkni eldgossins sem hófst miðvikudaginn 29. maí 2024, hefur haldist nokkuð stöðug undanfarna daga. Virkni er í einum gíg á sama tíma og landris mælist á stöðugum hraða í Svartsengi. Eldgosið hefur nú stað hefur staðið yfir í rétt rúmar þrjár vikur. Hrauntunga norðan Sýlingarfells heldur áfram að þykkna, en hraunspýja frá tungunni lak yfir varnargarð 18. júní. Líklegt að gasmengun haldi áfram næstu daga. Aðstæður innan og utan hættusvæða geta breyst með litlum fyrirvara. Þá geta hættur leynst utan merktra hættusvæða. Ekki er æskilegt að stunda útivist á þeim svæðum þar sem mengun frá gosinu mælist.

Starfsemi er í Bláa Lóninu að höfðu samráði við lögreglustjóran á Suðurnesjum. Á starfssvæði Bláa Lónsins er nú þéttriðið net gasmæla. Þá er veðurstöð staðsett á einni bygginu Bláa Lónsins. Eftirlit og viðbragð við hugsanlegri gasmengun er nú með allt öðrum hætti en áður hefur verið á starfssvæði Bláa Lónsins. Öryggisfulltrúi á vegum fyrirtækisins situr daglega morgunfundi aðgerðastjórnar og vettvangsstjórnar. Fylgjast þarf með opnunartímum á heimasíðu fyrirtækisins. Þar getur þurft að rýma með skömmum fyrirvara.

Umferð til og frá Bláa Lóninu eru um Nesveg og Bláalónsveg. Álag á þessa vegi er mikið og óvenjulegt enda ófært um Grindavíkurveg þar sem hraun rann yfir veginn.

Ekki er heimilt að ganga inn á gossvæðið frá bílastæðum Bláa Lónsins eða frá Grindavíkurvegi. Bannið tekur ekki til viðbragðsaðila, hóps vísindamanna og einstaklinga á vegum Bláðamannafélags Íslands með vísan til samkomulags félagsins við lögreglustjóran á Suðurnesjum. Á hættustundu er lögreglustjóra heimilt að vísa á brott eða fjarlægja fólk af hættusvæði.

Þeir sem eiga erindi inn á hættusvæði er bent á að athuga reglulega með loftgæði á svæðinu inn á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á slóðinni: <https://loftgaedi.is/> Þar eru jafnframt góðar leiðbeiningar. Bent er á upplýsingar á vefsíðu Landlæknisembættisins, á slóðinni: <https://island.is/eldgos-heilsa> og vefsíðu Vinnueftirlitsins, á slóðinni: <https://vinnueftirlitid.is/>

Frekari upplýsingar:

- Íbúar, starfsmenn og gestir dvelja inn á hættusvæði á eigin ábyrgð. Hver og einn verður að bera ábyrgð á eigin athöfnum eða athafnaleysi.
- Lögreglustjóri tekur skýrt fram að Grindavík er ekki staður fyrir barnafólk eða börn að leik. Þar eru ekki starfræktir skólar og innviðir eru í ólestri. Lögreglustjóri mælir alls ekki með því að íbúar dvelji í bænum.
- Jarðsprungur eru víða í og við bæinn og sprungur geta opnast án fyrirvara. Hætta er talin mjög mikil á jarðfalli ofan í sprungur, sprunguhreyfingum, hraunflæði og gasmengun.
- Mótvægisáðgerðir eru og hafa verið í gangi sem felast m.a. í kortlagningu, jarðkönnun, jarðsjármælingum og sjónskoðun. Þá hafa sprungur verið girtar af.
- Opin svæði í og við Grindavík hafa ekki verið skoðuð sérstaklega. Fólk haldi sig við götur bæjarins og forðist að fara út á lóðir og önnur opin svæði.
- Grindavík er lokuð öllum öðrum en viðbragðsaðilum, íbúum bæjarins, starfsmönnum Grindavíkurbæjar, fyrirtækja, verktökum og þeim sem þurfa að aðstoða íbúa. Fjölmíðlafólk hefur heimild til að fara inn í bæinn með sama hætti og íbúar og starfsmenn fyrirtækja.



- Ekki þykir tímabært af öryggisástæðum að hleypa ferðamönnum að gosstöðvunum. Hættur í og við gíginn eru: Jarðfall ofan í sprungu, sprunguhreyfingar, gosopnum án fyrirvara, hraunflæði, gjóska og gasmengun.

Enn eru hættur á svæðinu og aðstæður innan og utan hættusvæða geta breyst með litlum fyrirvara. Þá geta hættur leynst utan merktra svæða.

Lokunarpóstar eru við Grindavíkurveg, Nesveg og Suðurstrandarveg. Flóttaleiðir frá Grindavík eru um Suðurstrandarveg og Nesveg. Flóttaleiðir frá Bláa Lóninu eru um Bláalónsveg og Nesveg. Arfadalsvíkurvegur er lokaður einbreiður malarvegur sem getur nýst ef til rýmingar kemur.

Til að vekja athygli fólks á aðsteðjandi hættum hafa verið settar upp þrjár viðvörunarflautur í Grindavík. Þá er ein slík við Bláa lónið og önnur við HS orku í Svartsengi. Þær hafa verið notaðar með góðum árangri.

Fáir Grindvíkingar kjósa að dvelja í bænum næturlangt. Lögreglustjóri mælir alls ekki með því og getur ekki ábyrgst öryggi þeirra við núverandi aðstæður.

Viðbragðsaðilar eru við störf í Grindavík og lögregla og slökkvilið sinna lögbundnu eftirliti í bænum eins og verið hefur. Þá er sjúkrabíll staðsettur í Grindavík alla daga á dagtíma.

Gagnlegar upplýsingar eru á heimasíðu Grindavíkurbæjar á slóðinni <https://grindavik.is/> þá er bent á heimasíðu Veðurstofu Íslands á slóðinni [www.vedur.is](http://www.vedur.is) og heimasíðu almannavarna á slóðinni [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is)


Með vísan til 23. gr. laga um almannavarnir nr. 88/2008 eru takmarkanir ekki aðrar en að framan greinir.

Framangreint fyrirkomulag gildir til 25. júní 2024 að öllu óbreyttu.

## Upplýsingar frá Samhæfingastöð Uppfært 21. júní kl: 12:00

Þrjár hraunspýjur leka núna yfir leiðigarð L1 við Svartsengi og ekki er þó um umfangsmikinn leka að sinni. Þó virðist hafa hægst á rennsli í minnstu hraunspýjunni eftir að hraunkælingu hafi verið beitt í nótt. Hraunið hafi verið að bunkast upp síðustu daga og viðbragðsaðilar þar af leiðandi undirbúnir, en samt sem áður sé það ný sviðsmynd sem hefur komið upp.

Þá er hafin vinna við að reisa nújan varnargarð innan við þann sem hraunið rennur yfir.



RUV – Birgir Þór Harðarson


## Upplýsingar frá Veðurstofu Íslands

Uppfært 13. júní kl. 15:55

Eldgosið sem hófst á Sundhnúksgígaröðinni þann 29. maí hefur nú staðið í rétt rúmar þrjár vikur og áfram gýs úr einum gíg rétt austan Sundhnúks. Hrauntungan norðan Sýlingarfells heldur áfram að þykkna en á þriðjudaginn 18. júní, fór hraunspýja frá henni yfir varnargarð L1 sem er norðaustur af Svartsengi, en fór ekki langt.

Eins og undanfarna daga mælist áfram landris á stöðugum hraða í Svartsengi þótt eldgos sé enn í gangi. Það má túlka þetta sem svo að kvikuflæði frá dýpi haldi áfram og sé meira en flæði frá gígnum og kvikusöfnun undir Svartsengi haldi því áfram eins og áður.


Á tímabilinu 3. - 10. júní var hraunflæði frá eldgosinu metið um 10 m<sup>3</sup>/s og síðan þá hafa ekki orðið markverðar breytingar á virkni eldgossins sem bendir til að flæðið sé nokkuð stöðugt. Þrátt fyrir að eldgosið sé enn í gangi mælist landris í Svartsengi (eins og í síðasta eldgosi). Niðurstöður líkanreikninga sýna að landrisið í Svartsengi sé vegna kvikuinnflæðis sem er á bilinu 1-2 m<sup>3</sup>/s og bætist við í kvikusöfnunarsvæðið. Ef kvikusöfnun undir Svartsengi ásamt hraunflæði á yfirborði er lagt saman sýnir það svipað kvikuflæði frá dýpi og fyrir eldgosið. Enn þá er talsverð óvissa í líkanreikningum og mati á hraunflæði frá eldgosinu síðustu vikuna sem getur haft áhrif á þetta mat. Áfram verður fylgst náið með framvindu atburðarins.





## Spá veðurvaktar um gasdreifingu gerð 21. júní kl 08:18

Hæg austanátt en breytileg átt síðdegis. Austan 5-10 í nótt. SA-lægari í fyrramálið en sunnanátt eftir hádegi á morgun. SV 8-10 annað kvöld. Gas berst einkum til vesturs í dag og nótt en í norðvestur í fyrramálið. Berst til norðausturs annað kvöld. Samfelld rigning i nótt og í fyrramálið en síðan skúrir.



Hægt er að fylgjast með rauntímamælingum ýmissa gastegunda á vefnum [www.loftgaedi.is](http://www.loftgaedi.is).

Hættumat hefur verið uppfært og er óbreytt. Það gildir, að öllu óbreyttu, til næsta þriðjudags 25. júní. Hættumatskort má finna aftast í skýrslunni.

---

### Frá Ferðamálastofu

#### Uppfært 14. júní kl 15:00

Fulltrúi Ferðamálastofu hefur fylgst með framvindu og verið í góðu sambandi við Samhæfingastöð Almannaþingarinnar. Nokkuð álag hefur verið í á netfanigð [press@itb.is](mailto:press@itb.is) þar sem að erlendir fréttamenn eru




að óska eftir aðgengi og upplýsingum í kringum gosið. Töluvert ágengi hefur verið í að fá TETRA stöðvar og gasmæla leigða frá Ferðamálastofu.

Ákveðið hefur verið að fjölmiðlafylgd inn á svæðið verði **miðvikudaga og föstudaga** kl 14:00 frá lokunarpósti á Nesvegi. Fjölmiðlum er heimilt að notast við skráða dróna svo framarlega að þeir fari ekki upp fyrir 60 metra hæð.

Hafist er handa við að kanna möguleika á að opna aðgengi fyrir ferðamenn að svæðinu. Í dag er opið fyrir ferðamenn upp að gossvæðinu við Fagradalsfjall. Sjá upplýsingar um lokunarpósta ofar í skjalinu.

Unnið er að verklagsreglum með Íslandsstofu um samskiptateymi sem tekur til starfa í kjölfar atburða.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í [dagbjartur@ferdamalastofa.is](mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is) eða 6599099.



[https://www.vedur.is/media/uncategorized/Haettusvaedi\\_VI\\_20juni\\_2024.png](https://www.vedur.is/media/uncategorized/Haettusvaedi_VI_20juni_2024.png)